

Þriðjudaginn 22. mars 1988.

Nr. 338/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Sæmundssyni

(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1987 til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar refsingu.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi ók ákærði aðfaranótt sunnudagsins 11. maí 1986 bifreiðinni G-7146 undir áhrifum áfengis stuttan spöl frá félagsheimilinu Lýsuhóli í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Áfengismagn í blóði ákærða mældist 1,21‰. Þegar tekið er tillit til skekkjumarka við mælingu, telst það varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, en nú við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, er dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hæfilega ákveðin 20 daga varðhald. Þá ber samkvæmt 3. mgr. 102. gr. síðast nefndra laga, þar sem um ítrekað brot er að ræða, að svipta ákærða ökuleyfi í 2 ár og 6 mánuði frá 18. febrúar 1987 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

II.

Ákærði sagði rangt til nafns í framburði sínum hjá varðstjóra framangreinda nótt. Gaf hann upp nafn, nafnnúmer, fæðingardag og heimilisfang á manni, sem ekki er til hér á landi. Varðstjóra-skýrslan var lesin upp fyrir ákærða, er undirritaði hana, með hinu tilbúna nafni, sem rétta.

Varðstjórskýrsla þessi telst ekki, eins og hér stendur á, falsað skjal „til þess að blekkja með því í lögskiptum“ í skilningi 155. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 ákveðst að ákærði greiði $\frac{1}{3}$ hluta af sakarkostnaði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 40.000,00 krónur, og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti 25.000,00 krónur. Tveir þriðju hlutar alls sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að í héraðsdómi er sakavottorð ákærða ranglega tilgreint. Þar sem skýrt er frá sátt 7. janúar 1974 á að standa 1972, þar sem segir frá sátt 16. júlí 1980 á að standa 6.000,00 krónur fyrir brot gegn 19. gr. umferðarlaga. Sátt sú er þar greinir var hins vegar gerð 8. nóvember 1982.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Sæmundsson, sæti varðhaldi í 20 daga og er sviptur ökuleyfi í 2 ár og 6 mánuði frá 18. febrúar 1987 að telja.

Ákærði greiði $\frac{1}{3}$ hluta alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 40.000,00 krónur fyrir báðum dómum og 25.000,00 krónur í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Tveir þriðju hlutar alls sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 29. september 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 29. sept. er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði af Júlíusi Magnússyni, uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 3682/86: Ákærvaldið gegn Jóhanni Sæmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. september sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dags. 6. mars 1987 á hendur Jóhanni Sæmundssyni, Smyrlahrauni 47, Hafnarfirði, fyrir að aka:

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 11. maí 1986 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G-7146 stuttan spöl við félagsheimilið Lýsuhól í Staðarsveit á Snæfellsnesi, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

II.

Fyrir skjalafals með því að hafa undirritað varðstjóráskýrslu hjá varðstjóra sömu nótt vegna áðurgreinds brots með nafninu Jóhann Sveinsson.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvæðingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir:

Sunnudaginn 11. maí 1986 kl. 02:45 stöðvuðu lögreglumenn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu bifreiðina G-7146 sem ekið var að félagsheimilinu á Lýsuhóli í Staðarsveit og höfðu þeir tal af ökumanni bifreiðarinnar sem var ákærði í máli þessu Jóhann Sæmundsson, Smyrlahrauni 47, Hafnarfirði. Þar sem lögreglumenn fundu áfengisþef frá vitum ákærða tóku þeir af honum öndunarsýni sem sýndi III. stig. Síðan færðu lögreglumenn ákærða í heilsugæslustöðina í Ólafsvík þar sem læknir tók honum blóð til rannsóknar á alkóhólinnihaldi. Rannsókn á blóðsýni þessu gaf til kynna að í blóði ákærða væri 1,21‰ alkóhóls. Í framhaldi af blóðsýnistökunni var ákærði færður á lögreglustöðina í Ólafsvík þar sem varðstjóri tók af honum skýrslu. Við skýrslutöku þessa hjá varðstjóra gaf ákærði upp annað nafn en sitt eigið. Kvaðst hann heita Jóhann Sveinsson og búa að Smyrlahrauni 41 í Hafnarfirði. Þá kvaðst hann vera fæddur 21. maí 1956, en réttur fæðingardagur hans og ár er 21. júní 1955. Ennfremur gaf ákærði upp annað nafnnúmer en hann hafði. Ákærði játaði að hafa verið að aka bifreið. Hann kvaðst hafa verið að aka að Hamraendum í Breiðvík og vera að koma frá félagsheimilinu að Lýsuhóli. Hann kvaðst hafa lagt af stað skömmu áður en lögreglan stöðvaði bifreið hans. Hann játaði að hafa verið að drekka áfengi. Kvað hann það hafa verið vodka. Kvaðst hann hafa drukkið ca. eitt glas af blönduðu áfengi, og hefði hann gert það að Lýsuhóli á tímabilinu frá 02:00 - 02:30. Ákærði neitaði að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hann kvaðst hafa sofið nóttina áður u.þ.b. fimm klukkustundir. Ekki kvaðst hann hafa drukkið áfengi eftir að hann ók. Skýrslu þessa undirritaði ákærði síðan með nafninu Jóhann Sveinsson.

Samkvæmt skýrslu varðstjórans var áfengisþefur af andardrætti ákærða

lítillsháttar, andlit hans eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu voru sögð vot, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinar-góður.

Lögreglan í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sendi bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði mál þetta til meðferðar með bréfi dagsettu 4. des. 1986. Mánudaginn 6. janúar 1987 boðaði rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði ákærða Jóhann Sæmundsson til yfirheyrslu. Hafði rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði þá kannað nafn, heimilisfang og nafnúmer það sem ákærði hafði gefið upp því að enginn fannst með því nafni, fæðingardegi og nafnúmeri sem ákærði hafði gefið upp. Var honum tjáð í yfirheyrslu er hófst kl. 16:15 fyrrgreindan dag að hann væri grunaður um að hafa gefið upp rangt nafn hjá lögreglunni í Ólafsvík 11. maí 1986. Ákærði neitaði í fyrstu að hafa verið þarna á ferð og kvaðst ekkert við málið kannast. Hann játaði að hafa verið að Hamraendum á Snæfellsnesi þá um sumarið. Hann kvaðst hafa farið þangað í byrjun maí og verið þar við sjóróðra með Haraldi Þorgeirssyni og búið þá heima hjá Sverri Jónssyni að Hamraendum. Aðspurður í þessari skýrslutöku neitaði ákærði að hafa farið á ball að Lýsuhóli sumarið 1986. Rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði lét ákærða gefa rithandarsýni þar sem hann ritaði nafnið Jóhann Sveinsson, og líkist rithönd hans á því mjög þeirri undirritun er var á varðstjóraskýrslunni sem áður er getið.

Lögreglan tók í framhaldi af fyrrgreindri skýrslutöku af ákærða, skýrslu af Sverri Jónssyni, fæddum 10. apríl 1959, til heimilis að Mávahrauni 1 í Hafnarfirði. Vitni þetta gaf skýrslu sem er mjög óljós og bar við ólvun og minnisleysi. Kvaðst vitnið hafa verið farþegi í umræddri bifreið sem getið er hér að framan frá heimili sínu að Hamraendum og á ball að Lýsuhóli. Sagði vitnið að frá Hamraendum að Lýsuhóli hefði ekið bifreiðinni Kristján Gunnlaugsson, Ökrum II, ennfremur hefðu verið auk hans í bifreiðinni tveir kunningjar Kristjáns þessa sem vitnið kvaðst ekki vita hvað hétu. Síðan sagðist vitnið hafa byrjað að drekka áfengi áður en það fór að heiman og hafa haldið því áfram á ballinu. Kvaðst vitnið hafa verið orðið útúrdruggið og ekki muna hvernig það hefði komist heim, en kvaðst reikna með að það hafi farið heim í bifreiðinni. Vitnið kvaðst aðspurt ekki vita hver hefði ekið bifreiðinni, en kvaðst vera þó vissst um að Kristján hefði ekki ekið.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði síðar þennan dag eða kl. 19:00, skýrði ákærði svo frá að hann vildi breyta framburði sínum frá því fyrr um daginn. Hann viðurkenndi nú að hafa verið ökumaður bifreiðinnar G-7146 í umrætt sinn. Ákærði sagði að hann hefði farið ásamt Haraldi Þorgeirssyni og Sverri Jónssyni á ball á Lýsuhóli umrætt sinn. Hann kvaðst ekki hafa drukkið neitt áfengi að ráði á ballinu, en þó eitthvað

lítills háttar. Hann sagði þá hafa verið á ballinu til um kl. 02:00 og þá farið til baka aftur áleiðis að Hamraendum og kvaðst þá hafa ekið. Ekki kvaðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann játaði síðan að hafa verið stöðvaður af lögreglu á þessari leið. Hann kvaðst hafa sagt rangt til um föðurnafn sitt, nafnnúmer, fæðingardag og heimilisfang hjá lögreglunni. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að aka aðeins stutta leið er hann var stöðvaður.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1974 7/1 í Hafnarfirði. Sátt: 1.500 kr. sekt fyrir brot á 1. sbr. 91. gr. lsb. Hafn. nr. 80/1928.
- 1974 3/9 í Hafnarfirði. Sátt: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 4., 5., 19. og 26. gr. umfl. og 21. gr. áfl.
- 1975 13/11 í Hafnarfirði. Sátt: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 19., 48. og 51. sbr. 65. og 80. gr. umfl. og 21. gr. sbr. 44. gr. áfl.
- 1979 5/12 í Hafnarfirði. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. umfl.
- 1980 16/7 í Hafnarfirði. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot á 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 29/10 1982.

Niðurstöður:

Brot ákærða gegn ákvæðum 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. l. nr. 40, 1968, telst sannað með skýrslum lögreglu, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn tilvitnuðum laga- greinum.

Sú háttsemi ákærða að rita annað nafn en sitt undir varðstjóraskýrslu, eins og rakið er hér að framan, telst ekki varða við 1. mgr. 155. gr. l. nr. 19, 1940, og ber að taka til greina kröfu verjanda ákærða um sýknu af þessum lið ákæru.

Refsing ákærða, sem ákveðst skv. 80. gr. l. nr. 40, 1968 sbr. l. nr. 54/1976, telst hæfilega ákveðin kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs er greiðast skal inna 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en ella komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar.

Þá ber með skírskotun til 81. gr. l. nr. 40, 1968 og þess að um ítrekað brot ákærða er að ræða, að svipta hann ökuleyfi ævilangt frá 18. febrúar 1987 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Dæma ber ákærða til greiðslu á helmingi sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 14.000,00 en rétt þykir með vísan til 2. mgr. 141. gr. l. nr. 74, 1974 að helmingur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Sæmundsson, greiði kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga í stað sektarinnar. .

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 18. febrúar 1987 að telja.

Sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gísla Ísleifssonar hrl., kr. 14.000,00, greiði ákærði að hálfu en ríkissjóður að hálfu.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. mars 1988.

Nr. 16/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Þorvaldi Guðmundssyni

(Jón G. Briem hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1987 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingu en staðfestingar um sviptingu ökuleyfis.

Engin vitni eru að því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni Ö-5179 frá Túngötu 21 í Grindavík að heimili sínu á Sjónarhóli þar í bæ aðfaranótt sunnudagsins 27. nóvember 1983. Þegar rannsókn hófst eftir hádegi sama dag vegna kæru um að ekið hefði verið á bifreiðina A-2147 í Túngötu þá um nóttina, stóð bifreiðin Ö-5179 á Túngötu skammt undan. Skemmdir á henni þóttu benda til að hún hefði rekist á A-2147 og beindist grunur að ákærða. Eins og fram kemur í forsendum héraðsdóms sagði ákærði við yfirheyrslu hjá lögreglu